

Páll Jónsson

bóndi í Einarsnesi, áður kennari á Hvanneyri, andaðist á heimili sínu 17. þ. m. eftir langvarandi vanheilsu.

Páll var fæddur 18. febrúar 1883 á Kroppi í Eyjafirði, sonur Jóns bónda Davíðssonar, er síðar fluttist að Reykhúsum og kendur við þá jörð eftir það. Davíð Jónsson, afi Páls, var bróðir sjera Magnúsar í Laufási, föður þeirra Jóns forsætisráðherra og Sigurðar yfirlæknis á Vífilsstöðum. Móðir Páls var Rósa Pálsdóttir frá Tjörnnum í Eyjafirði, systir Pálma heitins yfirkennara.

Páll var góðum gáfum gæddur, eins og hann átti kyn til, athugull og nákvæmur; hann fékk ágæt- an skólaerfðir og var því í besta lagi búinn undir starf sitt sem fræðari bændaefnanna. Hann gekk á Möðruvallaskólann síðasta veturinn sem sá skóli var þar og fyrsta veturinn eftir að sá skóli fluttist til Akureyrar. Eftir tveggja vetra nám lauk hann burtfararprófi á Akureyri. Fór eftir það á Hólaskóla og lauk þar námi. Að því búnu fór hann utan, var einn vetur á lýðskólanum í Askov og síðan á Landbúnaðarháskólanum. Eftir að hafa ínt af hendi burtfararpróf þar kom hann heim úr utanförinni árið 1906. Fyrstu árin þar á eftir var Páll Jónsson starfsmaður Ræktunarfél. Norðurlands. Kennari á Hvanneyri varð hann 1910 og gegndi kennarastörf- um þar þangað til hann veiktist 1920.

Árið 1913 kvæntist Páll eftirlifandi konu sinni Þóru Baldvins- dóttur frá Grund í Höfðahverfi, eignuðust þau tvo sonu, annar þeirra lifir, hinn er dáinn fyrir rúmu ári síðan.

Árið 1916 keyptu þau hjón Einarsnes í Borgarfirði af frú Re- bekku Kristensen, er þá fluttist til Danmerkur. Hafa þau búið þar síðan góðu búi bætt jörðina að miklum mun og aukði smátt og smátt bústofninn.

Eg kyntist Páli í fyrsta sinn veturinn sem hann var í Askov, eg var samtíma honum þar nokk- ur tíma. Eftir að hann var orð- inn kennari á Hvanneyri, var hann tvö vor, 1912 og 1913, aðstoðar- maður hér við gróðrarstöðina og garðyrkjukensluna. Hann var ágæt ur samverkamaður, fróður, skemtilegur og skyldurakinn, þrúðmenni í öllu dagfari.

Að þessum árum liðnum fór Páll að halda jarðyrkjunáms- skeið á vorin fyrir eigin reikning, styrktur til þess af Búnaðarfélagi Íslands; fyrsta námsskeiðið hélt hann á Ánabrekku í Borgarhreppi, en í Einarsnesi eftir að hann kom þangað; sóttu þau námsskeið að- allaga nemendur frá Hvanneyrarskóla.

Nemendur Páls Jónssonar bera honum allir besta orð og sam- kennarar hans sómuleiðis. Hann hafði lag á því að auka þekkingu og fróðleikslöngun nemenda sinna og gerði sér ætíð og alstaðar far um að beita hæfileikum sínum samtíðarmönnum til góðs, enda leið öllum vel í návist hans. Það eru einstaka menn svo gerðir, að út frá þeim leggur góða strauma, birtu og yl mannkærleikans, þann- ig var Páll Jónsson. Hann átti líka því láni að fagna að njóta aðstoð- ar ágætrar eigin konu, sem hjálp-

aði honum að bera þann kross sem heilsuleysið lagði honum á herðar. Þau eignuðust marga vini og allir senda þeir Einarsness- hjónunum, sinn hvoru megin landamerkjalinunnar og syni þeirra, þakkarkveðju og bestu óskir um fagra framtíð.

Einar Helgason.

Franz Eduard Siemsen

fyrirum sýslumaður.

Hann andaðist á heimili sínu hér í bænum aðfaranótt þriðju- dags síðastliðins. Varð honum hjartabilun að banameini, og hafði fyrir löngu kent þess meins.

Franz Siemsen var fæddur hér í bænum 14. október 1855 og var því nýlega orðinn sjötugur. Faðir hans var Edvard N. G. Siemsen konsúll og kaupmaður hér í bæ, þýskur að ætt, en móðir hans var Sigríður, dóttir Þorsteins lög- regluþjóns hér í bænum, Bjarna- sonar bónda á Eyjum í Kjós, Gíslasonar, Bóðvarssonar. Voru þau Siemenssystkini mörg og af- komendur þeirra; alt hraust fólk, frítt og gjörfflegt.

Stúdentspróf tók Franz Siem- sen við Reykjavíkurskóla 1875. Voru þar samferða margir þjóð- kunnir menn, er síðar urðu: Magn- ús Andrésón og Jóhann Lúter Sveinbjarnarson prófastar og Friðrik Petersen Færeypjaprófast- ur, Gestur Pálsson og Þorvaldur Thóroddsen, en á lífi af þeim er nú aðeins einn: Helgi Guðmunds- son læknir fyrverandi á Siglufirði.

Lagaprófi við Kaupmannahaf- narskóla lauk hann 1882 og var næstu árin aðstoðarmaður bæjar- fógetans í Reykjavík. Árið 1886 fékk hann veitingu fyrir Gull- bringu- og Kjósarsýslu og sat í Hafnarfirði; lausn frá því em- bætti fékk hann 1899, fluttist þá hingað til bæjarins aftur og hafði hér á hendi ýms störf.

Franz Siemsen var samvisku- samur og skyldurakinn embættis- maður, sem í engu vildi vamm sitt vita. Hann var drengur góður, falslaus maður og vinfastur, sem á engan vildi leita að fyrra bragði. Stórbokkar ýfðust við hon- um í sýslunni, en af allri alþýðu manna var hann þrýðilega látinn, enda var heimili þeirra hjóna í Hafnarfirði jafnan viðbruggið fyrir gestrisni og rausn.

Kvæntur var hann Þórunni dóttur Árna Thorsteinssonar land- fógeta. Lifir hún mann sinn og reyndist honum hin besta kona. Eignuðust þau fjögur börn, sem öll eru á lífi: Sigríði, síðari konu Páls hæstaréttardómara Einars- sonar, Soffíu, konu Magnúsar Kjarans verslunarstjóra hér í bæ- num, Árna, kvæntan þýskri konu og Theódór; eru þeir bræður báð- ir í Lýbiku á Þýskalandi, kaup- menn.

Skemtileg bók. Fjórdá heftið af sjóferðaendurminningum Svein- bjarnar Egilssonar ritstjóra, er nýkomið út. Þetta er framúrskar- andi skemtilega skrifuð bók, hisp- urslaust, en ljótar eru lýsingarnar á köflum. Það leynir sér ekki ættarmót höfundarins við Svein- björn rektor, afa hans, og föður- bróðurinn, Benedikt Gröndal.

Endurminningar og vonir.

Ræða á gamlárskvöld,

eftir síra Þorstein Breim.

Og sjá, í Jerúsalem var maður að nafni Símeon, og maður þessi var rjettlátur og guðrækin og vænti huggunar Ísraels, og heilagur andi var yfir honum. Og honum hafði verið birt það af heilögum anda, að hann skyldi ekki dauðann sjá, fyr en hann hefði séð Drottins smurða. Og hann kom að tillaðan andans í helgidóminn, og er foreldrarir komu inn með barnið Jesús, til að fara með það eftir reglu lögmálsins, þá tók hann það í fang sér og lot- aði Guð og sagði:

Lúk. 2, 25—32.

Eitt hið fegursta, sem eg hefi augum litið, eitt af því, sem mest hefir hrifið mig, frá því að eg var barn, er kveldroðinn íslenski um jónsmessuleytið. Aðra eins frið- armynd, aðra eins fegurð ljóss og lita, getur ekki annarsstaðar að lita. Aldrei þótti mér jafnvænt um sveitina, sem eg er barn- fæddur í, eins og þegar eg vakti yfir vellinum þegar lengstur var dagur og sólin seig ekki í sjó, heldur læddist með haffletinum á bak við eyjarnar og breiddi glit- vefjarábreiðu úr skínandi gull- þráðum yfir allt, sem við auganu blasti: Yfir hafið, upp á himin- inn, upp um fjallstinda og niður um hálsa og hlíðar. Eg nefndi þetta kvöldroða, en þó fer í raun- inni hvortveggja saman: kveld- roði og morgunroði. Roðabjarninn smálýsist aðeins með morgninum, kveldroðinn og morgunroðinn faðmast.

Einhverjum verður ef til vill að spyrja hversvegna og byrji ræðu mína þannig, hvað hafi vak- ið þessar minningar í brjósti mér. Textinn minnr mig á þetta. Eg sé í guðspjallinu, einmitt þetta sama, sem augu mín hafa fegu- rust litið í náttúrunni, — eg sé þar kvöldroða og morgunroða. Það er friðar og dýrðarbjarni kveldroðans yfir orðum öldungs- ins, sem er að kveðja þetta líf. Og það stafar ljómi nýs dags, nýrrar morgunroðadýrðar út frá barninu, sem öll birta heimsins stafar frá, sólinni, sem flutti ljós trúar og vonar inn í heiminn. Öldungurinn trúaði tekur barnið unga sér í fang: Kveldroðinn og morgunroðinn faðmast. Guðspjall- ið minnr oss því á það, sem oss er eðlilega ríkast í huga nú um áramótin. Það sýnir oss kveld og morgun, aldraf og ungt, nýtt og gamalt.

Og á þessari stundu hljótum vér einnig að hugsa um gamalt og nýtt, um gamla árið, sem er að hverfa, og um nýja árið, sem biður ókunnugt framundan. Og vér ættum nú um áramótin, einskis fremur að óska, en að sólarbjarm- inn af hæðum gæti leikið um þetta tvent, bæði hið gamla og hið nýja. Að friður kveldroðans gæti hvílt yfir endurminningum gamla ársins og vonarljómi morgunroð- ans gæti lýst oss fram á árið, sem kemur.

Ekkert skiftir meira máli um alla líðan vora en endurminningin og vonin. Ef endurminningar- tímans eru daprar og sárar, ef vonirnar eru, bældar og væng-

stýfðar, þá brestur oss alla ánægju hvað sem hinni ytri velgengni liður. En ef vér eigum góðar ljúfar minningar og bjartar prótt- miklar vonir, þá skiftir jafnvel minstu um hvernig högum vorum annars er háttað. Eg veit að minningar gamla ársins eru oss misjafnlega ljúfar, eg veit að þar vantar mikið á, að það sé sann- arlegur kveldroðablær yfir þeim öllum nú á kveldi ársins. Eg veit einnig að vonir manna eru ekki siour misjafnlega bjartar. Þótt margur vænti góðs af ókomna tímanum þá sjá þó flestir ein- hverja skugga framundan. Það ætti því að vera oss bæði þarft og ljúft að ihuga þessa spurningu: Hvernig geta minningar gamla ársins mykst? Og hvernig fá vonir nýja ársins orðið bjartar og ljúfar?

I.

Eg vil þá fyrst tala um minn- ingarnar. Hvað getur mykt hið sárasta í endurminningum vorum?

Eg veit að svörin geta orðið margvísleg. Einhver hinna eldri mun segja: „Árin“.

Árin geta mykt margan sárs- auka, þau geta látið margt hrygg- legt og dapurt fyrnast og gleym- ast.

Með árunum gleymir margur sorg og söknuði, sem um eitt skeið æfingar var að því kominn að yfirbuga hann. Tíminn getur fengið mann til að gleyma mót- gjörðum. Tíminn læknar og breið- ir yfir og hylur svo margt og kalt og ranglát í tilverunni. Tíminn mýkir því margar sárar endurminningar. En hann er sein- virkt meðal. Er ekkert annað fljótvirkara? — Jú, nefna má eitt: Það er dauðinn. — Dauðinn veitir skjótt umskifti. Dauðinn boðar oftast söknuð og gleðirán. Dauð- inn er líka oft sannur harmabætur og hvíldargjafi. En er hann eini læknirinn?

Margur hefir að visu í örvænt- ingu sinni talið hann vera hið eina, sem gæti mykt sárar end- urminningar. Og margur hefir tekið þann kost til þess að losna við sálarkvöl sárra endurminninga, að veita sér dauðann sjálfur.

Oss hryllir við því úrræði og það getum vér ekki talið lækningu.

En hvaða ráð er þá til að mýkja sárar endurminningar, annað en tíminn og dauðinn?

Við spyrjum fyrst: Hvað er sár- ast í endurminningunum? Hvaða minningar sviða mest? Er það söknuður, eða sorg eftir látna ástvin? Er það heitrof, svik eða vonbrigði, sem vér sjálf áttum ekki sök á? — Nei. Þetta getur að visu alt verið sárt, það hefir komið mörgum til að gefast upp og örvænta. En það er þó ekki sárast. Eg minnst konu einnar, sem kom til mín, er eg var nýorð- inn prestur. Hún var svo átakan- lega hrygg í bragði. Og eg spurði hana hvað það væri, sem fengi henni sorgar. Hvort hún hefði mist ástvin, sem hún ekki gæti gleymt. Hvort sjúkdómur og raun- ir hefðu tekið frá henni kjarkinn.

— „Nei“, sagði hún, „því er jafn- an gott að taka, sem kemur þann- ig, frá Guði. . . En það, sem vér eigum sök á, er þyngra að bera“.

Það er sannleiki og lífsreynsla í þessum orðum. — Hún hafði reynt mikið mótlæti, hún var yfir- gefin af manni sínum og hún hafði nýlega mist barnið sitt. Þó fanst henni það ekki sárt hjá hínu sem hún sjálf átti sök á. Engin endurminning er sárari en sú, sem áskar sjálfa oss. Sárust kvöl allra kvala er kvöl samvisk- unnar. Engin sárari kvöl er til, né verður til, þessa heims eða annars. Samviskan minnr á reikn- ingsnald. Og mundi oss eigi þörf að iðka það reikningshald oftar? Mundu ekki einmitt áráskittin vera kjörin stund til að gjöra þann reikning upp, — við sjálfan sig, við mig, við Guð og bræður vora? Jú, vissulega. Og vakandi sam- viska tinnur vel hvernig þeim reikningi er háttað. Sá, sem hefir ríkasta fullkomunarþrá, hann minnr best hvað hann hefir brot- ið og hve hann hefir margt gott ógjort látið. Meinn sýnast misgóðir fyrir augum heimsins, er fyrir augum Guðs er sá honum næstur, sem tinnur synd sína best, en hinn fjarstur honum, sem hyggur sig minst hafa brotið og vanrækt.

Gooum manni verour því sár- ust endurminningin um brot sín og vanrækslur móti betri vitund. Og hvernig geta þær endurminn- ingar mykst?

Hvað mýkir sársauka barnsins, sem brotið hefir eða vanrækt boð föður síns og iðrast þess einlæg- lega? Ekkert gjörir það betur en að koma til hans og játa honum sannleikann og fá hjá honum fyr- irgefningu. Og hvenær er barnið sælla og glaðara en þá? Hve- nær hefir það jafn fögur áform, hvenær sýnist því lífið jafn bjart og hvenær finst því það hafa eins margt að þakka? Það er al- drei jafn glatt og örugt, eins og þegar það hefir fengið fyrirgef- ningu föður síns.

Og eins er því varið með sjálfa oss. Fyrirgefning Guðs mýkir og læknar hinar sárustu endurminn- ingar, um það, sem vér sjálfir áttum sök á. En um leið og hún læknar vort þyngsta mein, þá mýkir hún einnig alt annað. Hún mýkir sorg og söknuð og lætur oss sjá Guðs dýrðarbitu á bak við alt dimt og þungbært, því að sá, sem reynt hefir hjálp Guðs í hinu þyngsta og sárasta, hann finnur einnig kraft frá honum til að standast hverja raun.

Ef þér því hver og einn komið fram fyrir Guð eins og börn fram fyrir föður, játið honum alt og biðjið hann eins og barn biður föður sinn, þá mun hann vissu- lega mýkja allar sárar og við- kvæmar minningar hins líðna. Þá mun hann leggja hinn sama friðarblæ kveldroðans yfir hið hverfanda ár, eins og vér sjáum í textanum hvíla yfir öldungnum Símeon. Hann leit í huganum aftur til líðinna ára, og vissi dauðann og reikningsskapinn fram undan, en var þó glaður og sæll í von- inni, af því að hann hafði frelsar ann í faðmi sér. Meinn þurfa al- drei annað til þess að mýkja jafn vel hinar sárustu minningar, en að finna og þreifa á frelsara sín- um eins og Símeon.